

9. Hrossaræktin

Vignir Sigurðsson

Líkt og undanfarin ár eru verkefni hrossaræktar unnin í nánú samstarfi við Hrossaræktarsamtök Eyfirðinga og Þingeyinga. Búgarður annast ýmis störf fyrir HEÐ og stjórn HEÐ hefur fundaraðstöðu í Búgarði, auk þess sem fræðslustarf, fundir og sýningarhald er unnið í nánú samstarfi við HEÐ. Í stjórn samtakanna sitja eftirtaldir (frá aðalfundi 2009): Ríkarður G. Hafdal formaður, Vignir Sigurólason varaformaður, Zophonías Jónmundsson gjaldkeri, Bjarni Páll Vilhjálmsson ritari og Höskuldur Jónsson meðstjórnandi. Varamenn í stjórn eru Þorvar Þorsteinsson og Auðbjörn Kristinsson.

Stóðhestahald

HEÐ á hlut í þremur stóðhestum. Gusti frá Hóli 1/3, Hrym frá Hofi 1/6 og Gígjari frá Auðsholtshjáleigu, nánar tiltekið þriðjungshlut í einkahlutafélagi um þann hest.

Gustur frá Hóli var á sæðingastöð að Dýrfinnstöðum í Skagafirði. Ekki tókst að fylja hryssur með sæði úr klárnum. Virðist því sem Gustur sé orðinn ófrjór. Í World Feng eru 20 afkvæmi skráð fædd 2007, 8 afkvæmi fædd 2008 en ekkert afkvæmi hefur verið skráð fætt 2009 og er það í samræmi við fylskoðun sumarið 2008 þegar engin af þeim 25 hryssum sem hjá honum voru hafði greinst með fyli. Gustur stendur sem fyrr sterkur í kynbótamatinu með 123 stig og 230 dæmd afkvæmi en heildarfjöldi skráðra afkvæma er 657.

HEÐ seldi á árinu helming af eignarhlut sínum í **Hrym frá Hofi**. Kaupandi var Hrafnagil ehf. en að því félagi standa Jón Elfar og Grettir Hjörleifssynir. HEÐ á því eftir 1/6 hlut. Hrymur var í hólfi hjá Hrafnagilsbændum en einungis ein hryssa var hjá honum á vegum HEÐ. Kynbótamat Hryms er nú 115 stig og sýnd afkvæmi eru 23 talsins. Alls eru skráð 248 afkvæmi í World Feng.

Gígjar frá Auðsholtshjáleigu var á Jarðbrú í Svarfaðardal. Til hans komu 8 hryssur og af þeim voru 6 fengnar. Kynbótamat Gígjars er 121 stig. Sýnd hafa verið 15 afkvæmi en skráð eru 198. Hann hefur því náð lágmarkum til að hljóta fyrstu verðlaun fyrir afkvæmi á næsta Landsmóti.

Sýningahald

3 kynbótasýningar voru haldnar á svæðinu. Að venju var samstarf við Hrossaræktarsamtök Eyfirðinga og Þingeyinga um framkvæmd þeirra. Vorsýning kynbótahrossa var haldin í Hringsholti við Dalvík dagana 14. og 15. maí. 18 hross mættu til dóms, þar af voru 12 sem hlutu fullnaðardóm. Dómarar voru Eyþór Einarsson og Friðrik Már Sigurðsson. Héraðssýning kynbótahrossa var svo haldin á Melgerðismelum dagana 9.-12. júní. Til dóms mættu 125 hross og þar af voru 106 hross sem hlutu fullnaðardóm. Dómarar voru þau Guðlaugur V. Antonsson, Sigbjörn Björnsson og Steinunn Anna Halldórsdóttir. Síðsumarsýning fór fram 19. – 21. ágúst. Alls voru sýnd 67 hross og af þeim hlutu 65 fullnaðardóm. Dómarar voru Þorvaldur Kristjánsson, Elsa Albertsdóttir og Valberg Sigfússon.

Fræðslustarf og fundir

Guðlaugur Antonsson hrossaræktarráðunautur BÍ og Kristinn Guðnason formaður Félags hrossabænda funduðu með hestamönnum í mars og fór sá fundur fram í Hlíðarbæ. Haustfundur HEÐ var svo haldinn í Ljósveitningabúð í Þingeyjarsveit 12. nóvember. Á fundinum var valið ræktunarbú ársins, auk þess sem ræktendur efstu hrossa í kynbótadómi hlutu viðurkenningar. Guðlaugur Antonsson fór yfir sviðið í

hrossaræktinni og Jónas Vigfússon flutti erindi um áverkaskráningar hrossa á kynbótasýningum.

Verðlaunaveitingar

Títillinn Ræktunarbú ársins 2009 hlaut að þessu sinni Komma í Eyjafjarðarsveit. Að búinu standa Vilberg Jónsson og Kristín Sigvaldadóttir. Árangur ársins var virkilega góður og var búið einnig tilnefnt á landsvísu af Bændasamtökum Ísland. 4 hross voru sýnd í kynbótadómi og hlutu þau öll fyrstu verðlaun. Efstur þeirra er stóðhesturinn Kaspar sem hlaut í aðaleinkunn 8,40 og hefur hann einnig náð góðum árangri á keppnisvellingum. Næst hæstu einkunn hlaut 4 vetra unghryssan Rauðhetta með 8,11. Meðaleinkunn sýndra hrossa er 8,16 og meðalaldur er tæplega 6 ár. Komma hefur um árabíl komið fram með athyglisverða gripi sem sýndir hafa verið í kynbótasýningum og á keppnisvellingum. Önnur bú sem hlutu tilnefningu voru Grund II, Efri-Rauðilækur, Litla-Brekka og Torfunes.

Ræktendur efstu hrossa í hverjum aldursflokki hlutu einnig viðurkenningu frá HEÐ: 4v. hryssur: Rauðhetta frá Kommu (8,11). Ræktandi: Vilberg Jónsson. 5v. hryssur: Krækja frá Efri-Rauðalæk (8,30). Ræktandi: Guðlaugur Arason. 6v. hryssur: Elding frá Torfunesi (8,18). Ræktandi: Baldvin Baldvinsson. 7v.oe. hryssur: Myrkva frá Torfunesi (8,47). Ræktandi: Baldvin Baldvinsson. 4v. stóðhestar: Þorri frá Möðrufelli (8,11). Ræktandi: Matthías Eiðsson. 5v. stóðhestar: Grunnur frá Grund II (8,47). Ræktandi: Þorsteinn Egilson. 6v. stóðhestar: Kiljan frá Árgerði (8,30). Ræktandi: Magni Kjartansson. 7v.oe. stóðhestar: Kaspar frá Kommu (8,40). Ræktandi: Vilberg Jónsson.

Á meðfylgjandi töflu nr 21 má sjá 3 efstu hross í hverjum aldursflokki. Þetta eru hross sem fædd eru á félagssvæðinu en geta verið sýnd hvar sem er í heiminum.

Gluggað í World-Feng

- Skráð folöld á lífi fædd 2009 á félagssvæðinu eru 492 talsins samanborið við 4913 á landinu öllu eða um 10%.
- 195 hross fædd á félagssvæðinu komu til dóms 2009 sem svarar til um 11% af sýndum hrossum á landinu það ár.
- 183 hross voru fulldæmd á sýningum á vegum Búgarðs 2009. Það svarar til um 12% af fulldæmdum hrossum á landinu öllu það ár.
- Af 183 dæmdum hrossum í sýningum á svæðinu hlutu 37 eða 20% 8,0 eða herra í aðaleinkunn.
- 140 stóðhestar eru feður þeirra 492 folalda sem fædd eru á félagssvæðinu 2009. Það þýðir að hver stóðhestur hefur að meðaltali átt 3,5 folöld.
- Eftirtaldir stóðhestar eiga 10 eða fleiri fædd folöld á svæðinu 2009: Kappi frá Kommu (22), Þokki frá Kýrholti (17), Hófur frá Varmalæk (17), Moli frá Skriðu (16), Hróður frá Refsstöðum (14), Andvari frá Ey (14), Gígjar frá Auðsholtshjáleigu (13) og Bróðir frá Auðsholtshjáleigu (10).